



ÁRSSKÝRSLA FJÖLSMIÐJUNNAR 2020

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Ársskýrsla Fjölsmiðjunnar 2020.....	2
Stjórn árið 2020.....	2
Ávarp formanns	2
Almennt um starfsemina:	4
Fjárhagur	4
Nemar	6
Fræðsludeild - formlegt nám.....	7
Hálf-formlegt nám og reynslu nám	8
Áherslur í starfi	9
Starfsemi deilda.....	10
Bíladeild:	10
Trésmíðadeild:	10
Veitingadeild:	12
Tæknideild :	13
Handverks- og pökkunardeilddeild :.....	14
Fræðsludeild :	14
Ráðgjöf og kennsla:.....	15
Tölulegar upplýsingar vegna nema	16
Viðauki	22
Ársreikningur 2020	26

Ársskýrsla Fjölsmiðjunnar 2020

Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun. Stofnaðilar voru Rauði kross Íslands, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Vinnumálastofnun og Félagsmálaráðuneytið.

Stjórn árið 2020

Ellen Jacqueline Calmon formaður- Fulltrúi Reykjavíkurborgar
Guðlaug Pétursdóttir (Ragnhildur Ólafsdóttir tók síðar við Guðlaugu stuttu eftir aðalfund tilnefnd af VMST.)

Guðrún Narfadóttir- Fulltrúi Mennta- og menningarráðuneytisins
Gissur Pétursson (Klara Briem tók síðar við af Gissuri stuttu eftir aðalfund skv. tilnefningu Félagsmálaráðuneytisins)
Páll Björgvin Guðmundsson – Fulltrúi SSH

Til vara frá Mennta- og menningarmálar. Ólafur Hj. Sigurjónsson

Ávarp formanns

Fjölsmiðjan fagnaði 20 ára afmæli í ár og hefur með úrræðum sínum eft þúsundir ungmenna til virkni á þessum árum þar sem markmiðin eru að styrkja þau til náms eða undirbúa fyrir þátttöku í atvinnulífinu. Hefur Fjölsmiðjan löngum sannað sig sem mikilvægur hlekkur í endurhæfingar- og virkniúrræðum fyrir ungt fólk.

Ásókn í þjónustu Fjölsmiðjunnar hefur aukist á hverju ári og ekki síst nú á tímum COVID19.

Árið 2020 var ólíkt öllum öðrum árum í starfsemi og rekstri Fjölsmiðjunnar sökum heimsfaraldursins, draga þurfti úr þjónustu og tekjur drógust verulega saman á sama tíma og ásókn jókst. En á árinu unnist einnig sigrar þar sem Fjölsmiðjan fékk viðurkenningu Menntamálastofnunar sem framhaldsfræðsluaðili. Í framhaldinu var gerður samningur við nokkra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu sem gerir það að verkum að nemar geta nú sótt einingarbært nám á framhaldsskólastigi og njóta þar stuðnings fræðsludeildarinnar.

Með aukinni eftirspurn og kröfum um gæði og þjónustu Fjölsmiðjunnar, ásamt því að styrkja fræðsludeildina enn frekar og tryggja fjölbreytt framboð verkefni sem henta öllum kynjum, þá er þörf fyrir aukið rekstrarfé.

Ég lít á Fjölsmiðjuna sem sameiginlegt verkefni allra sem að baki henni standa, það eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Félagsmálaráðuneytið, Vinnumálastofnun og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Fjölsmiðjan er samfélagslegt fjárfestingaverkefni þar sem unnið er að því að koma ungu fólki í virkni, nám eða vinnu. Ef ekki tekst að þjónusta unga fólkið okkar með viðeigandi hætti þá mun það kosta okkur öll, fjárhagslega, tilfinningalega og samfélagslega.

Ég tel því mikilvægt að bakhjarlar taki höndum saman og tryggi rekstrarfé fyrir Fjölsmiðjuna þannig að starfsemin geti haldið áfram að þróast, eflast og þannig þjónustað sem flest ungmenni á sem bestan máta.

Stjórnendur og starfsfólk hafa þurft að vera skapandi og lausnarmiðuð til að geta haldið starfseminni gangandi á þessu fordæmalausum ári. Fyrir hönd stjórnar kann ég þeim bestu þakkir fyrir þann sveigjanleika og útsjónarsemi sem það hefur sýnt með störfum þeirra.



Ellen Calmon formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu



Heimsókn nema í Perluna í júní 2020, náttúrusýning Íslands.

Almennt um starfsemina:

Fjárhagur

Árið 2020 voru haldnir 8 stjórnarfundir, með aðalfundi þann 25. júní 2020 vegna ársins 2019. Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál er varðar starfsemina, bæði fjárhagslega og skipulagslega.

Menntamálaráðuneytið, Atvinnuleysistryggingasjóður og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggja til rekstrarfé uppá 120 m.kr. á árinu 2020. Til viðbótar kom einskonar Covid framlag uppá 9.7 m.kr. Samtals komu því um 130 m.kr. frá bakhjörnum Fjölsmiðjunnar árið 2020. Seld og reiknuð þjónusta Fjölsmiðjunnar var uppá 32.7 m.kr. sem er um 6 m.kr. lækkun á milli ára.

Heildartekjur Fjölsmiðjunnar reyndust 164.7 m.kr. sem eru rúmar 4 m.kr. hækkun á milli ára. Framlegð deilda upp í fastan kostnað Fjölsmiðjunnar voru 19.1 m.kr. og lækkar um 3 m.kr. á milli ára og föst framlög eru nær óbreytt á milli ára.

Tekjur umfram gjöld á árinu voru 4.8 m.kr. Eigið fé um áramótin 2020 eru 23 m.kr.

Það er óhætt að segja að bakhjarlar Fjölsmiðjunnar, stjórn, starfsmenn og nemar hafi spilað farsællega úr stöðunni á árinu 2020.

Fjármál og rekstur Fjölsmiðjunnar hefur alltaf verið stór hluti af daglegu starfi og krafan um tekjuöflun mikilvægur þáttur í starfinu. Það er styrkur Fjölsmiðjunnar að afla tekna, vinnan verður sýnilega einhvers virði og nemarnir sjá að þeir skipta máli á vinnustaðnum.

Fjölsmiðjan hafði yfirleitt næg verkefni, þó var það mismunandi á milli deilda og vinnustaðurinn gekk ágætlega.

Bíladeildin hefur haldið sínu striki og er með fyrirtæki og stofnanir í föstum viðskiptum en einstaklingar halda uppi fjöldanum í kaupum á þjónustunni. Að jafnaði eru afgreiddir um 3-4 bílar á dag eftir mönnun deildarinnar hverju sinni.

Framlegð trésmíðadeildarinnar óx á árinu frá 2019. Brettaframleiðsla er stór þáttur í starfi deildarinnar. Einn stærsti og dyggasti viðskiptavinur deildarinnar er Norðuál á Grundartanga.

Veitingadeildin hefur ekki mátt taka inn utanaðkomandi gesti í mat stóran hluta ársins vegna sóttvarnar takamarkana. Framleiðsla matarbakka hófst á árinu sem margir af okkar fasta viðskiptamönnum hafa nýtt sér.

Tæknideildin (Rafdeild – Tölvudeild) hefur gengið í gegnum miklar breytingar sem lofa góðu. Samningar hafa náðst við fyrirtæki og stofnanir um móttöku tölvubúnaðar.

Handverks- og pökkunardeildin þurfti að takast á við samdrátt í atvinnulífinu. Mörg verkefni handverksdeildar hafa tengst ferðaiðnaðinum og því verkefnið svolítið sveiflukennd.


Farsóttarfaraldurinn Covid 19 hafði veruleg áhrif á starfsemi Fjölsmiðjunnar. Þjónusta við fyrirtæki drógst saman, veitingadeildin var lokuð stærsta hlutann af árinu fyrir utanaðkomandi gestum. Nemar Fjölsmiðjunnar voru heima í 5 vikur til að lágmarka hættu á covid smitum. Sem reyndi mikið á nemana, starfsmenn og starfsemina. Starfsmenn Fjölsmiðjunnar tóku þátt í hlutabótaleiðinni í apríl mánuði sem var almennur launastuðningur ríkisstjórnarinnar.

Ársreikningur Fjölsmiðjunnar fyrir árið 2020 er hluti af ársskýrslunni.


Nemar

Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk með það að markmiði að gefa þeim tækifæri til að þjálfast fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám.

Nemar og starfsmenn Fjölsmiðjunnar voru til fyrirmyndar í persónulegum sóttvörnum sem gerði það að verkum að ekki komu upp nein covid smit í Fjölsmiðjunni.



Fjölsmiðjan er ætluð fólki á aldrinum 16-24 ára, þó er möguleiki á því að gera undantekningar frá því með eldri einstaklinga. Á árinu 2020 voru alls 106 nemar skráðir í Fjölsmiðjuna sem er 4 fleiri en árið 2019.



Nánast allir sem skráðir eru í Fjölsmiðjuna eru með einhverjar formlegar greiningar.

Einstaklingar frá VMST voru mun færri á milli ára. Þess má geta að almennar sóttvarnareglur á árinu 2020 hafði veruleg áhrfi á möguleika Fjölsmiðjunnar til að fjölga einstaklingum í virkni m.a. vegna hámarks fjölda í deild frá 10 – 20 og svo 2 ja metra reglunnar á milli manna.

Margir nemar Fjölsmiðjunnar hafa átt við andlegan og félagslegan vanda að stríða oft yfir langan tíma. Kvíði, þunglyndi, svefnvandi og vanvirkni eru áberandi þættir. Að komast upp úr kvíða og þunglyndi getur tekið langan tíma og krefst mikillar þolinmæði.

Fræðsludeild - formlegt nám

Þann 7. september 2020 hlaut Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu viðurkenningu frá Menntamálastofnun sem framhaldsfræðsluaðili á 1. þrepi og ensku á 2. þrepi. Þessi viðurkenning hefur mikla þýðingu fyrir starfsemi og nema Fjölsmiðjunnar þar sem nemar fá aukin tækifæri til náms í Fjölsmiðjunni sem metið verður til eininga. Þá er þetta ekki síður viðurkenning á þeirri þróun á faglegu starfi Fjölsmiðjunnar sem hefur átt sér stað á síðastliðnum árum.

Með viðurkenningunni gefst nenum Fjölsmiðjunnar tækifæri til að sækja einingarbært nám á 1. þrepi í Fræðsludeild hennar og ljúka þannig skyldunámi sínu. Í fyrstu var ákveðið að bjóða upp á nám í tveimur áföngum í íslensku, tveimur áföngum í stærðfræði og einum áfanga í lífsleikni. Farið var af stað með lífsleikni inni á deildum á haustmánuðum ásamt kennslu í einum áfanga í stærðfræði og kennslu í íslensku fyrir útlendinga.

Í kjölfar viðurkenningar Menntamálastofnunar náðist samstarfssamningur við fjóra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Borgarholtsskóla, Fjölbrautaskólann við Ármúla, Fjölbrautaskólann í Breiðholti og Tækniskólann. Megin innihald samningsins snýr að því að nemar sem ljúka námi í Fjölsmiðjunni á 1. þrepi og ensku á 2. þrepi, fá það nám metið að fullu af samstarfsskólunum ef og þegar nemar sækja um nám hjá þeim síðar meir. Enda eru námskrár og áherslur námsins í Fjölsmiðjunni unnar með hliðsjón af námsskrám samstarfsskólanna og Aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla. Nemar Fjölsmiðjunnar sem hyggja á áframhaldandi nám utan veggja Fjölsmiðjunnar síðar meir fá þannig loknar einingar metnar að fullu.

Til lengri tíma litið verður boðið upp á fjölbreyttara námsval í Fjölsmiðjunni en áætlað er að fara af stað með kennslu í þremur áföngum í ensku á haustönn 2021. Tveir áfangar á 1. þrepi og einn á 2. þrepi verða í boði. Ávallt er farið vel yfir námslega stöðu hvers og eins nema út frá gögnum þeirra og þeim raðað í áfanga eftir því hvar hver og einn er staddur. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða nálgun, stuðning, mikla eftirfylgni og hvatningu með árangur nemanna í huga.

Nemar Fjölsmiðjunnar hafa sýnt námi í Fræðsludeild mikinn áhuga og er þessi blöndun þar sem nemar vinna inni á deildum og sækja nám samhliða innahúss að

gefast vel. Við sjáum fram á að ásókn í Fræðsludeildina muni aukast á næstu árum eftir því sem starfið slípast til og meiri reynsla fæst á fyrirkomulagið.



Samstarfssamningur undirritaður við nokkra skóla.

Vegna Covid var ekki hægt að undirrita hann fyrr en 15. jan. 2021.

Hálf-formlegt nám og reynslu nám

Í daglegum störfum nema Fjölsmiðjunnar fer fram hálf-formlegt nám og reynslunám. Hálf-formlegt nám fer m.a. fram inni á deildum í skipulögðu starfi og felur í sér uppeldis- og menntunarmarkmið. Námið á sér stað í formi reynslu og þátttöku einstaklinga í leik og starfi. Nám sem fer fram í formi reynslu kallast einfaldlega reynslunám og snýst um það sem einstaklingur lærir af því sem hann tekur sér fyrir hendur. Reynslunám á sér stað þegar einstaklingur er þátttakandi í ákveðnu ferli þar sem reynsla eða upplifun verður til og reynslan svo ígrunduð á gagnrýninn hátt í áframhaldandi vinnu. Það jákvæða við reynslunámið er að það gefur einstaklingum tækifæri til þess að draga lærdóm af reynslu sinni með því að vera virkur þátttakandi í ferlinu. Reynslunám hefur þannig jákvæð árif og getur hjálpað ungum einstaklingum að þroska þekkingu sína, færni, viðhorf og gildi.

Námskeið hafa einnig verið haldin í Fjölsmiðjunni í samstarfi við Framvegis símenntunarstofnun. Fyrri part vetrar árið 2020 var haldið námskeið í íslensku fyrir útlendinga og sóttu það námskeið 6 einstaklingar sem komu í gegnum Vinnumálastofnun. Námskeiðið var í 6 vikur, alls í 18 klst og luku allir þátttakendur námskeiðinu með glæsibrag. Sumarið 2020 var svo haldið námskeið í Hugrænni

atferlismeðferð þar sem þátttakendur voru 7 talsins og komu úr Kvennasmiðjunni en 2 þátttakendur luku ekki námskeiðinu. Vegna covid faraldursins tókst ekki að bjóða upp á námskeið og fyrirlestra sem fyrirhugað var að bjóða upp á fyrir alla nema í Fjölsmiðjunni m.a. tengt forvörnum ýmiskonar frá utan að komandi aðilum.

Áherslur í starfi

- Er að stuðla að heilbrigðum og farsælum venjum í daglegu lífi með frekara nám og þátttöku almennt í lífinu í huga.
- Almenn fræðsla um leiðir til að auka vellíðan byggt á rannsóknum, sbr. Fimm leiðir að vellíðan skv. Landlækni.
- Skapa fyrirtækjamenningu Fjölsmiðjunnar sem vonandi endurspeglar það sem okkar namar munu upplifa m.a. út á vinnumarkaðnum.
- Meta framfarir og veita endurgjöf til nema og forráðamanna eftir möguleikum skv. regluverkinu.
- Stuðla að jákvæðri hugsun, farsælli hegðun og góðu líkamlegu ástandi sem aftur leiðir til bættrar heilsu.
- Áherslur í starfseminni séu í takt við aðstæður í þjóðfélaginu.
- Miðað er við þarfir VMST og Velferðarþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu, en eðlilega í takt við okkar fjárhagsgetu, starfsmanna fjölda, aðstöðu og verkefni.
- Bjóða nemum sem ekki hafa lokið formlegu grunnskólanámi möguleika á því að fá viðurkenndar námseiningar á 1. þrepi í ákveðnum fögum.



Hugmyndaflug nema.

Starfsemi deilda

Bíladeild:

Deildarstjóri bíladeildar er með meistararéttindi í bifreiðasmíði.

Deildarstjóri er Gunnar Guðjónsson



Seld þjónusta deildarinnar var uppá 4,1 m.kr. sem er aðeins hækkun tekna á milli ára og framlegð um 3,5 m.kr sem er hækkun á milli ára.

Bíladeildin þrífur og bónar bíla. Viðskiptavinir bíladeildar eru aðilar eins og heimahjúkrun hjá Heilsugæslu höfuðborgarinnar og heimaþjónusta Reykjavíkurborgar, Sorpa, Þekking, Mannvit og N1. Þjónusta við einstaklinga er svipuð á milli ára.

Það er dekrað við viðskiptavininn...bílinn.

Starfið á deildinni er í nokkuð föstum skorðum, reglur við móttöku og skil á bílum.

Mikið er lagt upp úr því að vanda vinnubrögð.

Umsjónarmaður deildarinnar hefur fengið tjonabíla frá tryggingafyrirtæki (TM) til niðurrifs. Þannig geta nemar lært og undirbúið sig til frekara náms í vinnu við bíla.



Bíladeildin tekur allskonar verkefni að sér.

Trésmíðadeild:

Guðmundur Hrafnkelsson er deildarstjóri.



Seld þjónusta ársins var 7,6 m.kr sem er rúmlega tvöföld velta frá fyrra ári, framlegðin var 6,6 m.kr. og sömuleiðis tvöfaldast á milli ára. Framleiðsla bretta var mjög stöðug á árinu. Þetta er mjög ánægjuleg þróun.

Verkefni fyrir Norðurál koma reglulega og ýmis verkefni önnur

falla til, eins og framleiðsla duftkerja í samstarfi við aðila sem framleiðir og selur líkkistur.


Deildin sér einnig um allt viðhald fyrir Fjölsmiðjuna, bæði hvað varðar húsnæði og innanstokksmuni.

Auk þess tekur deildin þátt í mörgum átaksverkefnum sem þarf að vinna, svo sem að merkja dósir o.fl..

Nokkur fjölgun nema hefur orðið á deildinni.

Deildarstjóri trésmíðadeildar er húsasmiður að mennt.

Guðmundur Hrafnkelsson, hefur einnig borið ábyrgð á framleiðslu starfsmannakorta (tölvudeild). Nokkur samdráttur var á framleiðslunni í takt við samdrátt í atvinnulífinu. Þessi framleiðsla leynir þó á sér í orðsins fyllstu merkingu.



Brettasmiði.

Veitingadeild:

Deildarstjóri er Valdimar Fjörnir Heiðarsson matreiðslumeistari og Ívar Kjartansson er aðstoðar matreiðslumeistari.



Covid hafði töluverð neikvæð áhrif á starfsemi veitingadeildar vegna sóttvarnar takmarkana. Seld þjónusta var uppá 12 m.kr. sem er um 35% lækkun á milli ára. Framlegð reyndist 1,6 m.kr. sem er tæplega 3 m.kr. lægri framlegð frá fyrra ári. Framleiðslu og hráefnisgæðin eru mjög góð. Það sést best í gegnum ánægða viðskiptamenn.

Veitingadeildin sér um að þjónusta nema Fjölsmiðjunnar með morgun- og hádegismat samhliða því að selja hádegismat til viðskiptavina, aðallega bakkamat.

Menntamálastofnun og Sýni voru áfram í viðskiptum þrátt fyrir Covid.

Valdimar matreiðslumeistari með fyrstu framleiðsluna af matarbökkum 11. ágúst.

Í veitingadeild starfa nú tveir starfsmenn með meistararéttindi í sínu fagi og þar með miklir möguleikar fyrir kennslu á sviði veitingareksturs. Vissulega læra nemar alla daga með því að taka þátt í daglegum störfum deildarinnar.



Ívar að ganga frá pöntun á bakkamat ásamt nema.

Tæknideild :

Ásbjörn Torfason tók við sem deildarstjóri í des. 2019. Aðstoðarmaður í tæknideild er Davíð Bergmann (kom í des. 2018).

Seld þjónusta ársins var uppá 6,4 m.kr, tekjulækkun uppá 22,1% á milli ára, framlegð var um 5,2 m.kr. sem er lækkun um 2,4 m.kr. Þessi breyting er aðallega tilkomin vegna m.a. minni viðskipta við Sorpu sem fór í miklar hagræðingar aðgerðir á árinu.

Tæknideildin hefur náð samningum við ýmis fyrirtæki og stofnanir um að taka við notuðum tölvubúnaði. Megin verkefni deildarinnar er að uppfæra þennan búnað og koma í verð bæði innlands sem og erlendis. Við höfum þurft að stokka upp verkefnin á tæknideildinni og það eru spennandi tímar framundan.

Deildin hefur m.a. sett saman færribönd fyrir Marel og jarðbindivíra og kapla fyrir Vodafone.



Ýmis búnaður er til sölu á tæknideildinni.



Ýmis verkefni voru einnig unnin fyrir Ölgerðina á tæknideildinni.

Handverks- og pökkunardeilddeild :

Margrét Jónasdóttir var deildarstjóri.

Seld þjónusta handverks- og pökkunardeildar var 1,6 m.kr. og lækkar um rúma 1 m.kr. á milli ára, framlegðin var um 1,5 m.kr. og lækkar sömuleiðis um 0,6 m.kr. Eins og áður hefur komið fram þá hefur deildin mikið verið að vinna fyrir ferðaiðnaðinn og og smærri fyrirtæki.



Dæmigert verkefni handverksdeildar var t.d. flokkun fyrir borðspil fyrir jólin.

Fræðsludeild :

Fríða Ólafsdóttir náms – og starfsráðgjafi/ kennari tók við deildinni í ágúst mánuði 2020.

Fríða sinnti ýmsum verkefnum tengt því að efla einstaka nema Fjölsmiðjunnar með almennri fræðslu og markþjálfun. Fræðsludeildin hefur m.a. sinnt :

- hóp- og einstaklingsráðgjöf
- aðstoðað nemendur að sækja um í skólum
- veitt aðhald í námi
- veitt námsaðstoð eftir þörfum
- verið í sambandi við félagsráðgjafa og forráðamenn nema
- framfaraskráningum nema
- lífsleikni kennslu

- ferilskárgerð
- áhugasviðskönnunum

Þann 7. sept varð Fjölsmiðjan viðurkenndur framhaldsfræðsluaðili af hálfu Menntamálastofnunar. Haustið fór því m.a. í að undirbúa formlega kennslu í Fjölsmiðjunni.

Ráðgjöf og kennsla:

Hjördís B. Gestsdóttir er náms- og starfsráðgjafi Fjölsmiðjunnar og staðgengill forstöðumanns.

Náms- og starfsráðgjafi aðstoðar nema við að sækja um vinnu eða skóla og skipuleggja nám sitt. Þá fá nemar ýmis konar ráðgjöf, geta tekið áhugasviðspróf, fyllt út starfsferilsskrár og fengið stuðning við það sem þeir eru að vinna að hverju sinni. Eins veitir ráðgjafi nemum persónulega ráðgjöf. Nenum í Fjölsmiðjunni stendur til boða að stunda nám samhliða störfum í Fjölsmiðjunni, t.d. í 1- 3 áföngum. Fer það þannig fram að umsjónarmaður ráðgjafar fer með nemanum í gegnum það hvaða áfanga sé best að taka og hvaða áfanga þeir séu búnir með. Oft er þetta gert í samvinnu við náms- og starfsráðgjafa í viðkomandi skóla. Sumir nemar eru að byrja aftur þar sem frá var horfið en aðrir hafa aldrei farið í framhaldsskóla og jafnvel ekki lokið grunnskólaprófi.


Það er stórt skref að hefja nám að nýju, sérstaklega þegar minningar frá fyrri skólagöngu eru ekki góðar og valda jafnvel vanlíðan hjá nemunum. Þeir nemar sem fara í skóla samhliða starfi í Fjölsmiðjunni eiga mikið hrós skilið fyrir dugnað og áræðni.

Grunnur var lagður að samstarfssamningi Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu við, Borgarholtsskóla, Fjölbrautarskólann við Ármúla, Fjölbrautarskólann í Breiðholti og Tækniskólann.

Undir samstarfssamninginn rituðu Ellen J. Calmon formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar, Hjördís Bára Gestsdóttir verkefnisstýra Fjölsmiðjunnar, Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla, Magnús Ingvason skólameistari Fjölbrautarskólans við Ármúla, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari Fjölbrautarskólans í Breiðholti og Hildur Ingvarsdóttir skólameistari Tækniskólans.


Tölulegar upplýsingar vegna nema

Á árinu voru skráðir 106 nemar í Fjölsmiðjunni. Útskrifaðir nemar reyndust 57 og 47 % þeirra fóru í nám, vinnu, atvinnuleit o.fl.




Ástæður fyrir útskrift/starfslokum:


○ Atvinna m/stuðningi	1
○ Endurhæfing	3
○ Annað úrræði	1
○ Flutningur	1
○ Fullreynt	15
○ Vinna	7
○ Veikindi	4
○ Neysla	3
○ Illa nýtt/ástundun ábótavant	6
○ Örorka/annað úrræði	1
○ Nám/vinna	4
○ Nám	7
○ Liðveisla	1



Óupptalið: Lesblinda, skrifblinda, stoðkerfisvandi, tungumálaörðugleikar, málþroskavandi o.fl.



Kynjaskipting útskrifaðra



■ KK ■ KVK ■ Annað kyn

Flestir sem hætta er vegna einhverskonar veikinda, þar vegur þungt kvíði, þunglyndi og vanlíðan af ýmsu tagi.

Margir nemar Fjölsmiðjunnar hafa átt við andleg og félagsleg vandamál að stríða í langan tíma. Að komast upp úr kvíða og þunglyndi getur tekið langan tíma og krefst mikillar þolinmæði. Fjölsmiðjan telur mikil tækifæri til að auka gæðin á starfseminni sinni m.a. með aukinni fræðslu og stuðningi af sálfræðingi í Fjölsmiðjunni.

Nokkur dæmi um einkenni hópsins...

- ADHD
- Dyslexía
- Þunglyndi
- Kvíði
- Depurð
- Geðraskanir
- Mörg hver mjög lishneigð
- Sértek þekking
- Einhverfuróf (Asperger, ódæmigerð einhverfa)
- Vinaleysi eða fáir vinir
- Oft brotið bakland
- Tungumálaerfiðleikar, íslenska...
- Án fjölskyldu
- Brotin sjálfsmynd
- Mjög góð ensku kunnátta
- Skólaforðun
- Trú á eigin getu oft lítil
- Óskýr framtíðarsýn
- Stundum saga um neyslu
- Saga um einelti (oft langvarandi)
- Ljúf og einlæg
- Tölvu -og tækni, mikill áhugi

Með árunum virðist eins og andleg og félagsleg vanlíðan aukist til muna og í Fjölsmiðjuna koma margir einstaklingar með fjölpætt vandamál af þeim sökum. Nú er orðið svo að neysluvandinn er minna áberandi en var í byrjun en almenn vanlíðan er stærra viðfangsefni.

Margir náðu markmiðum sínum og því ber að fagna. Í Fjölsmiðjuna koma oft einstaklingar með lítið sjálfstraust í upphafi en fara héðan sem sterkir einstaklingar í vinnu eða skóla. Best gengur þegar allir geta unnið saman, nemar, fjölskyldan, skóli, meðferðaraðilar, ráðgjafar og viðskiptaaðilar Fjölsmiðjunnar svo eitthvað sé nefnt.

Aðstæður nemanna eru mjög misjafnar, frá því að búa við bestu aðstæður hjá foreldrum, í að vera algjörlega á eigin vegum í lífinu. Margir nemar eiga slæmar minningar úr grunnskóla, til dæmis vegna eineltis og námsörðugleika. Það er mikill sigur að fá nema til að vilja fara aftur í skóla og sérstaklega ef þeim getur liðið vel í skólanum. Samstarf við þá framhaldsskóla sem nemarnir sækja gengur undantekningalaust vel og aðilar skólanna eru mjög viljugir að koma til móts við þarfir nema Fjölsmiðjunnar, sem í byrjun náms geta verið af ýmsum toga.

Til að fá vinnu í Fjölsmiðjunni þurfa nemar að sækja skriflega um. Þeir sem sækja um þurfa að vera í sambandi við Félagsþjónustu eða Vinnumálastofnun vegna þjálfunarstyrkja sem þeir eiga rétt á. Fjölsmiðjan er í góðu samstarfi við félagsþjónustur sveitarfélaganna og aðra sem vinna að málefnum ungmenna.

Nemar fá greitt fyrir vinnu sína skv. aldri og ástundun.

Greitt er mánaðarlega frá Fjölsmiðjunni og innheimt til baka frá sveitarfélögum og Vinnumálastofnun hefur séð um greiðslur til sinna skjólstæðinga.

Nemarnir frá Velferðarsviði höfuðborgarsvæðisins eru mis virkir til vinnu og náms og styrkleikar þeirra ólíkir. Þess vegna þurfum við að hafa þjónustuna eins einstaklingsmiðaða og aðstæður okkar leyfa. Margt er sameiginlegt með nemum félagsþjónustunnar t.d. svefnleysi, einhverfa, einbeitingarskortur, kvíði, depurð, þunglyndi og félagsfælni, sem dæmi. Sömuleiðis, sérgáfur ýmsar um tölvur, tölvuleiki, bíla og tækni svo eitthvað sé nefnt. Einstaklingarnir eru flestir mjög vel enskumælandi, listhneigðir og ljúfir að eðlisfari. Það er því ögrandi verkefni að finna leiðir til að auka vellíðan og virkni nemanna.


Einstaklingar frá VMST eru yfirleitt góður stuðningur við einstaklinga af Velferðarsviðunum og oftast en ekki virk til vinnu og náms þó það sé ekki algilt. Þeir þurfa eftir sem áður mismunandi stuðning og hvatningu eins og aðrir sem sækja Fjölsmiðjuna.

Einn mikilvægasti þátturinn í starfseminni er að nemarnir skynji löngun okkar til að ná árangri við það að auka vellíðan þeirra. Þarfir nema eru án efa

mismunandi og leiðirnar til að ná árangri eru líka margar, hver þeirra er farsælust má örugglega deila um.

Við viljum styðjast við hvað rannsóknir segja um farsælar leiðir að vellíðan. Þess vegna viljum við leggja áherslu á „Fimm leiðir að vellíðan“ skv. ábendingum frá Landlæknis embættinu. Að auki þurfum við að þjálfra vinnulag og kenna handverk og skapa jákvæða fyrirtækjamenningu sem nemar okkar vonandi upplifa út í atvinnulífinu. En á endanum byggist árangurinn á starfinu á því að neminn axli ábyrgð á eigin lífi samhliða því sem við bendum honum á mögulegar leiðir til þess. Okkur langar til að reyna að auka sértekjur Fjölsmiðjunnar með t.d. aukinni sköpunarvinnu frá hugmynd að vöru, þróun hennar og markaðssetningu. Það krefst þátttöku nemanna okkar og þjálfar þau í þeirri hugsun sem fylgir því að skapa vöru og vonandi eykur sértekjur Fjölsmiðjunnar. Þetta er í takt við anda Fjölsmiðjunnar frá stofnun hennar árið 2001.

Til gamans þá fengum við ýmsar gjafir á árinu eins og sjá má hér fyrir neðan.




Rannveig Sigurðardóttir lengst til hægri 100 ára kom í heimsókn.



Tölvugjöf frá Elko.


Viðauki

ÚTSKRIFT NEMA Á ALDRINUM 16-20 ÁRA. ÁSTÆÐUR SEM HLUTFALL AF HEILD ÁRIN 2017-2020, ÁN ENN STARFANDI NEMA.




Nr.	Útskrift, ástæða:	Ár			
		2017	2018	2019	2020
1	Nám	20,8%	12,1%	14,6%	14,3%
2	Almennur vinnumarkaður	35,4%	15,2%	7,3%	4,1%
3	Veikindi	6,3%	15,2%	7,3%	18,4%
4	Hentaði ekki/ fullreynt	6,3%	30,3%	29,3%	16,3%
6	Örorka	4,2%	3,0%	2,4%	0,0%
7	Annað úrræði	2,1%	0,0%	14,6%	4,1%
8	Endurhæfing	0,0%	0,0%	0,0%	2,0%
9	Meðferð	10,4%	3,0%	2,4%	0,0%
10	Atvinnuleit	0,0%	3,0%	0,0%	16,3%
11	Neysla	8,3%	12,1%	0,0%	10,2%
12	Hverfur úr úrræði	6,3%	6,1%	22,0%	12,2%
13	Atvinna m/stuðningi	0,0%	0,0%	0,0%	2,0%
14	Verndaður vinnustaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
	Alls	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%


ÚTSKRIFT ÁSTÆÐUR SEM HLUTFALL AF HEILD 2017-2020, ÁN ENN STARFANDI NEMA




Útskrift ástæður sem hlutfall af heild 2020, án enn starfandi nema





Útskrift ástæður sem hlutfall af heild 2019, án enn starfandi nema



Útskrift ástæður sem hlutfall af heild 2018, án enn starfandi nema





Ársreikningur 2020

—



Fjölsmiðjan

Ársreikningur 2020

Fjölsmiðjan
Víkurbær 2
203 Kópavogi

Kt. 660601-2790

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og framkvæmdastjóra Fjölsmiðjunnar

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2020 fyrir Fjölsmiðjuna byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð endurskoðanda við gerð ársreiknings.


Við höfum notað sérþekkingu okkar á sviði reikningshalds og reikningsskila til að aðstoða fyrirtækið við að gera og leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum hlítt viðeigandi ákvæðum siðareglina, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkærni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, sem og bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum sem ársreikningurinn byggir á.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn byggir á. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 9/4 2021

Ernst & Young ehf.



Rögnvaldur Dóttir Pétursson
lögglitur endurskoðandi

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk með það að markmiði að gefa því tækifæri til þess að þjálfra sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2020 kr. 4.850.016. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 22.920.540. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbrýtingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Fjölsmiðjan er sjálfseignastofnun. Stofnaðilar eru Rauði kross Íslands, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Vinnumálastofnun og Velferðarráðuneytið.

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Atvinnuleysistryggingasjóður og Menntamálaráðuneytið leggja Fjölsmiðjunni til rekstrarté.

Stjórn Fjölsmiðjunnar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Fjölsmiðjunnar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Kópavogi, 8/4 2021



Páll B. Guðmundsson, varaformaður



Klara Baldursdóttir Briem



Ellen J. Calmon, formaður



Guðrún Narfadóttir



Ragnhildur Ólafsdóttir

Fjölsmiðjan

Víkurbær 2

103 Kópavogi

Framkvæmdastjóri:



Sturlaugur Sturlaugsson

Rekstrarreikningur 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Seld og reiknuð þjónusta	6	32.753.706	38.982.469
Framlög vegna rekstrar	7	89.502.638	78.853.340
Framlög vegna húsaleigu	8	40.714.186	40.327.010
Framlög vegna nema í framhaldsskólum	9	0	1.925.664
Aðar tekjur	10	1.796.606	300.627
		<u>164.767.136</u>	<u>160.389.110</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3, 11	97.918.716	99.842.810
Deildaskiptur kostnaður	12	13.615.357	16.651.851
Annar sameiginlegur kostnaður	13	48.121.206	45.502.855
Afskriftir	4	221.320	299.426
		<u>159.876.599</u>	<u>162.296.942</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		4.890.537	(1.907.832)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		225.399	447.849
Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum		(49.585)	(98.507)
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(216.335)	(232.672)
		<u>(40.521)</u>	<u>116.670</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>4.850.016</u>	<u>(1.791.162)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2020	2019
Fastafjármunir			
Áhöld og tæki	4	2.352.251	2.565.613
Innréttingar, áhöld og tæki í eldhúsi	4	977.118	977.118
Bifreið	4	376.256	384.214
Fastafjármunir samtals		3.705.625	3.926.945
Veltufjármunir			
Birgðir		530.087	834.776
Viðskiptakröfur		25.373.422	13.764.721
Aðrar skammtímakröfur		346.317	886.792
Handbært fé		9.443.165	17.696.903
Veltufjármunir samtals		35.692.991	33.183.192
Eignir samtals		39.398.616	37.110.137

31. desember 2020

Eigið fé og skuldir			
	Skýr.	2020	2019
Eigið fé			
Stofnfé	5	20.000.000	20.000.000
Óráðstafað eigið fé (óafnað tap)	5	2.920.540	(7.350.076)
Eigið fé samtals		22.920.540	12.649.924
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Skuld við Námsstyrkjafélag Fjölsmiðjunnar	14	581.240	461.240
Velferðarsjóður barna, ónýttur styrkur		263.362	263.362
Viðskiptaskuldir		1.169.256	6.918.910
Aðrar skammtímaskuldir	15	14.464.218	16.816.701
Skammtímaskuldir samtals		16.478.076	24.460.213
Eigið fé og skuldir samtals		39.398.616	37.110.137

Sjóðstreymi 2020

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2020	2019
Hagnaður (tap) ársins		4.850.016	(1.791.162)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á hreint veltufé:			
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	4	221.320	299.426
Hreint veltufé frá (til) rekstrar		<u>5.071.336</u>	<u>(1.491.736)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun		304.689	(90.326)
Skammtímaðrófur, (hækkun) lækkun		(11.068.226)	(4.194.787)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		<u>(2.561.537)</u>	<u>2.934.695</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(13.325.074)</u>	<u>(1.350.418)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>(8.253.738)</u>	<u>(2.842.154)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	4	0	(58.945)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>0</u>	<u>(58.945)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(8.253.738)	(2.901.099)
Handbært fé í ársbyrjun		17.696.903	20.598.002
Handbært fé í árslok		<u>9.443.165</u>	<u>17.696.903</u>

Skýringar

1. Upplýsingar um Fjölsmiðjuna

Fjölsmiðjan er sjálfseignastofnun sem er vinnusetur fyrir ungt fólk með það að markmiði að gefa því tækifæri til þess að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám. Lögheimili Fjölsmiðjunnar er að Víkurhvarfi 2 í Kópavogi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt málinu.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili framtíðarhagnaði og hægt sé að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradashluti af stofnverði, að fráðregnu áætluðu hrakvirði miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að fráðreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom félagsins.

Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Til kostnaðarverðs telst allur kostnaður við kaup, auk áfallins kostnaðar við framleiðslu. Auk þess telst til kostnaðarverðs allur kostnaður við að koma birgðunum á núverandi stað og í núverandi ástand. Með dagverði er átt við áætlað söluverði að fráðregnum kostnaði við að fullgera vöru og áætluðum kostnaði við að selja hana.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast sjóður og bankainnstæður.

Skýringar

Tekjur

Tekjur vegna sölu vöru og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst yfir til kaupanda.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun	83.236.068
Verkþjálfun og námsstyrkir nema	114.206.465
Launatengd gjöld	20.396.834
Endurgreidd laun nema	(119.920.651)
Laun og launatengd gjöld alls	97.918.716

Að meðaltali störfuðu 11 starfsmenn hjá Fjölsmiðjunni á árinu í 11 stöðugildum. Í árslok voru 11 starfsmenn á launaskrá hjá Fjölsmiðjunni og heildsdagsstöðugildi voru 11.

Reiknað áunnið orlof í árslok nemur kr. 9.305.907.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld tæki og innréttingar	Innréttingar í eldhúsi	Bírfreið	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	14.876.750	6.514.122	1.708.502	23.099.374
Afskrifað í ársbyrjun	(12.311.137)	(5.537.004)	(1.324.288)	(19.172.429)
Afskrifað á árinu	(213.362)	0	(7.958)	(221.320)
Bókfært verð í árslok	2.352.251	977.118	376.256	3.705.625
Stofnverð alls í árslok	14.876.750	6.514.122	1.708.502	23.099.374
Afskrifað alls í árslok	(12.524.499)	(5.537.004)	(1.332.246)	(19.393.749)
Bókfært verð í árslok	2.352.251	977.118	376.256	3.705.625
Afskriftarhlutföll	20%	30%	15%	

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	20.000.000	(7.350.076)	12.649.924
Afskrifuð skuld við Landspítala		5.420.600	5.420.600
Afkoma ársins		4.850.016	4.850.016
Eigið fé í árslok	20.000.000	2.920.540	22.920.540

Sundurliðanir

	2020	2019
6. Seld og reiknuð þjónusta		
Bílaþvottastöð	4.062.112	3.549.519
Trésmiðadeild	7.581.778	3.346.305
Hússtjórnardeild	12.164.305	18.651.801
Tölvudeild	974.987	2.532.888
Tæknideild	6.420.504	8.251.539
Handverk/pökkun	1.550.020	2.650.417
	<u>32.753.706</u>	<u>38.982.469</u>
7. Framlög vegna rekstrar		
Atvinnuleysistryggingasjóður	35.520.538	35.520.538
Menntamálaráðuneytið	33.000.000	33.000.000
Reykjavíkurborg	6.237.885	5.859.529
Kópavogsbær	1.780.188	1.672.212
Hafnarfjarðarbær	1.455.627	1.367.337
Garðabær	777.453	730.297
Mosfellsbær	522.426	490.739
Seltjarnarnes	226.421	212.688
Covid - 19 styrkur	9.750.000	0
Greiðslur vegna starfsmanna í sóttkví	232.100	0
	<u>89.502.638</u>	<u>78.853.340</u>
8. Framlög vegna húsaleigu		
Atvinnuleysistryggingasjóður	24.840.002	24.840.002
Reykjavíkurborg	8.967.308	8.782.380
Kópavogsbær	2.574.412	2.506.344
Hafnarfjarðarbær	2.074.776	2.049.392
Garðabær	1.134.832	1.094.584
Mosfellsbær	798.120	735.528
Seltjarnarnes	324.736	318.780
	<u>40.714.186</u>	<u>40.327.010</u>
9. Greiðslur vegna nema í framhaldsskólum		
Virk, þjónustusamningur	0	1.505.664
Endurgreidd námskeið nema	0	420.000
	<u>0</u>	<u>1.925.664</u>
10. Aðrar tekjur		
Velferðarsjóður barna	1.000.000	0
Sorpa hf.	500.000	0
TM	146.094	0
Delta, Kappa, Gamma	100.000	0
NN	50.512	0
Leifur Heppni, stúka nr. 19	0	300.627
	<u>1.796.606</u>	<u>300.627</u>

Sundurliðanir

	2020	2019
11. Laun og launatengd gjöld		
Laun starfsmanna	82.958.568	82.387.964
Laun nema	114.206.465	61.713.821
Endurgreidd laun nema	(119.920.651)	(64.717.421)
Stjórnarlaun	277.500	213.750
Bilastyrkur	385.314	292.567
Lífeyrissjóðsframlag	10.650.644	10.565.690
Áfallið orlof	1.582.161	1.613.292
Önnur launatengd gjöld	7.778.715	7.729.889
Risna starfsmanna	0	3.558
Námskeið og ráðstefnur starfsmanna	0	39.700
	<u>97.918.716</u>	<u>99.842.810</u>
12. Deildaskiptur kostnaður		
Bílaþvottastöð		
Efni	562.500	403.573
Áhöld og tæki	1.668	6.286
Hreinlætisvörur	20.869	0
	<u>585.037</u>	<u>409.859</u>
Trésmiðadeild		
Efni	1.007.726	521.279
Áhöld og tæki	11.666	62.611
Hreinlætisvörur	18.299	0
Vinnufatnaður	0	10.965
	<u>1.037.691</u>	<u>594.855</u>
Hússtjórnardeild		
Efni	9.984.091	13.225.239
Áhöld og tæki	182.386	821.194
Eftirlitskerfi í eldhúsi	130.296	122.994
Hreinlætisvörur	49.190	17.184
Vinnufatnaður	124.954	69.890
	<u>10.470.917</u>	<u>14.256.501</u>
Tölvudeild		
Efni	286.257	338.526
Áhöld og tæki	0	53.956
	<u>286.257</u>	<u>392.482</u>

Sundurliðanir

	2020	2019
Tæknideild		
Efni	201.794	83.974
Áhöld og tæki	450.624	473.047
Húsnæðiskostnaður	161.957	0
Gámaleiga og sorphirða	62.331	0
Gjaldfærð áhöld og tæki	188.773	0
Aðkeyptur akstur	119.110	0
Annar kostnaður	0	2.920
	1.184.589	559.941
Handverk og þökkun		
Efni	28.973	415.900
Áhöld og tæki	0	18.343
Hreinlætisvörur	21.893	3.970
	50.866	438.213
Deildarskiptur kostnaður, samtals	13.615.357	16.651.851
13. Annar sameiginlegur kostnaður		
Húsaleiga	33.325.578	32.467.091
Rafmagn og hiti	1.193.178	1.183.666
Viðhald og viðhaldsvörur	836.415	636.913
Hússjóður	1.252.440	1.252.440
Heilbrigðiseftirlit	87.500	77.850
Öryggisgæsla	167.167	225.103
Gámaleiga og sorphirða	213.119	196.273
Hreinlætisvörur	34.406	0
Reiknaður matarkostnaður nema	2.633.695	2.041.600
Kostnaður vegna útseldrar vinnu nema	18.600	82.698
Reikningsleg aðstoð	489.800	446.400
Memaxi	706.800	0
Gjaldfærð áhöld og tæki	610.832	794.490
Rekstur tölvukerfis	2.422.940	1.389.739
Sími og internet	1.241.957	1.197.713
Burðargjöld	975	39.240
Ritföng, prentun og pappír	232.800	64.874
Vátryggingar	1.336.911	991.297
Auglýsingar	63.956	85.951
Gjafir og styrkir	11.000	636.227
Kaffikostnaður	122.270	0

Sundurliðanir

	2020	2019
Þjónustugjöld og bankakostnaður	77.882	46.123
Rekstur bifreiða	559.428	229.520
Rekstur lyftara, kerru og loftpressu	84.063	156.528
Félagsgjöld	0	27.500
Sjúkrakassar, lyf og læknisaðstoð	84.187	16.875
Félagslíf nemenda	122.958	219.813
Fræðsla og sjálfstyrking nema	190.349	996.931
	<u>48.121.206</u>	<u>45.502.855</u>
14. Skuld við Námsstyrkjasjóð Fjölsmiðjunnar		
Flutt frá fyrra ári	461.240	555.740
Gjafir í Námsstyrkjasjóð, stjórnarlaun	120.000	7.500
Greitt vegna tölvunámskeiða	0	(102.000)
	<u>581.240</u>	<u>461.240</u>
15. Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreitt áfallið orlof	9.305.907	7.723.746
Ógreidd laun nema	103.531	5.231.226
Ógreidd staðgreiðsla	2.885.877	1.921.416
Ógreitt tryggingagjald	524.626	490.192
Ógreiddur lífeyrissjóður	1.420.221	1.267.820
Ógreidd stéttarfélagsgjöld	224.056	182.301
	<u>14.464.218</u>	<u>16.816.701</u>